

# Fundur NOS

haldinn í Hveragerði föstudaginn 29. september 2017 kl. 13:30

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Jón G. Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Gunnsteinn R. Ómarsson. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu.

## 1. Staða greininga í skólum á starfssvæði SVÁ í samræmi við bókun fundar NOS frá 4. september 2017

Í samræmi við ákvörðun síðasta fundar NOS hefur forstöðumaður SVÁ rætt við skólastjóra á starfssvæði SVÁ um nýtt viðtalsbeiðnakerfi sem fyrirhugað er að taka upp. Rætt hefur verið um að skólastjórnendur fari gagnrýnið yfir beiðnir kennara um sálfræðiaðstoð til SVÁ. Gagnlegar umræður hafa átt sér stað og málið er í góðum farvegi.

## 2. Ákvörðun um aðalfund

Aðalfundur NOS verður haldinn á Selfossi 20. október 2017 og hefst kl. 13:30. Formaður mun boða til hans með lögboðnum fyrirvara.

## 3. Fjárhagsáætlun ársins 2018

Farið yfir forsendur og fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2018. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri frá áætlun líðandi rekstrarárs en þó er ljóst að húsaleiga mun lækka á milli ára. Forstöðumaður óskar eftir því að ráða ritara í 40% starf til reynslu árið 2018. Markmiðið með þeirri reynslu er að létta skrifstofutengdum störfum af [sálfræðingum sérfræðingum](#) þjónustunnar en með því á að vera hægt að auka þeirra afköst og vonandi [koma í veg fyrir biðlistaað fækka á biðlista](#). NOS samþykkir að þessar forsendur verði settar inn í fjárhagsáætlunina.

## 4. Önnur mál

- Fundað var í fundaraðstöðu í nýju og glæsilegu ráðhúsi í Hveragerði. Ný aðstaða SVÁ var einnig skoðuð en hún er í næsta húsi við ráðhúsið. Vel er að starfsfólki búið og starfsmenn eru vel sáttir við aðstöðuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00  
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari